

Stjórnarfundur 9.feb. 2012 í Digranesi

Mættir: Anna María, Brynhildur, Gunnar Þór, Karen, Selma, Sigurður, Sólveig og Særún.

Fundur settur kl. 19:40

Dagskrá:

1. Undirbúningur fulltrúaráðsfundar

Halda hann 28. febrúar í Hjalla. Auglýsa hann strax í næstu viku, þ.e. með 2ja vikna fyrirvara.

Stefna á að fá kynningu á verkefnum Vínafjölskyldur í Vesturbæ. Stjórn hefur áhuga á að koma svipuðu verkefni á í Álfhólsskóla. Einnig að fá Guðlaugu aðstoðarskólustjóra á fundinn með upplýsingar varðandi nýbúadeildina í Álfhólsskóla.

Kynna foreldrasamninginn á fundinum. Skipta í tvo hópa og fá bekkjarfulltrúa af elsta og yngsta stigi til að sjá um kynninguna. Rannveigu og Erlu Stefaníu bekkjarfulltrúa í 10. BÁS og Guðna bekkjarfulltrúa í 2.IJ en foreldrasamningur hefur verið gerður í báðum þessum bekkjum.

Hvetja til þess að a.m.k. annar bekkjarfulltrúinn í hverjum bekk haldi áfram annað starfsár, einnig gera þeim grein fyrir að ekki er skipt um bekkjarfulltrúa fyrr en búið er að velja nýja.

Fá upplýsingar hjá bekkjarfulltrúum hvernig hefur gengið að halda fundi með foreldrum í bekkjunum.

2. Fundur með Sigrúnu skólustjóra

Stefna á næsta fimmtudag.

- Ræða kvartanir sem komið hafa um að matartími sé of stuttur, börnin hafi ekki tíma til að klára matinn. Er fylgst með því hvort að börnin borða?
- Ræða prófdaga á elsta stigi, hvort þeir verði aftur kennsludagar eða skertir dagar.
- Niðurstöður stefnumótunarskýrslunnar frá síðasta ári.
- Fjöldi skólaliða – gæsla í frímínútum
- Dægradvölin – of lítið um að vera? Of lítið pláss? Af hverju er dregið úr 4. bekkjum að vera í dægradvöl?
- Umferðin kringum skólann á morgnana.

3. Starfsreglur nefnda

Fréttabréfsnefnd var búin að senda inn hugmyndir að starfsreglum. Stjórn samþykkti þær með breytingum varðandi val í nefndina og að útgjöld séu borin undir stjórn foreldrafélagsins. Heilsuræktarnefnd hefur einnig sent inn starfsreglur sem stjórn samþykkti eftir að bætt var inn ákvæði um að útgjöld væru borin undir stjórn.

Starfsreglur nefndanna verða settar inn á heimasíðuna.

4. Fundir Samkóps

Sigurður sagði frá því helsta sem er í gangi í stjórn Samkóps.

Stjórnin er að byrja á því að fara á fundi með stjórnnum foreldrafélaga í grunnskólum Kópavogs.

Stjórnin ætlar fyrst að funda með stjórn Salaskóla. Dagsetning á fund með Álfhólsskóla er ekki komin.

Samkóp er að skoða með að fá fyrirlesara sameiginlega fyrir alla skóla í Kópavogi.

5. Skólaráð

Særún sagði frá helstu málum sem rædd hafa verið í skólaráði.

- Fundur var haldinn með samgöngunefnd bæjarins til að skoða leiðir kringum skólann. Nefndin tók niður athugasemdir um hvað þarf að skoða, s.s. gangbrautarljós, aðkomu að skólanum og umferðina í kringum skólann.
- Nemendaráð er að „logo“ til að setja á peysur til að selja. Rætt hvort foreldrafélagið geti stutt þau á einhvern hátt.

- Rætt um fjáröflun fyrir vorferð 10. bekkjar. Hugmynd hefur komið frá Sigrúnu skólastjóra að nemendum verði skipt í hópa og myndu sjá um að vera með gæslu úti í frímínútum og fengju greitt fyrir. Stjórn líst vel á þá hugmynd.
- Stefnt er á sameiginlegan stefnumótunardag 14.apríl.

6. Önnur mál

- Ekki er enn búið að laga hættulegar girðingar kringum skólann. Samþykkt að Sigurður fari með þetta mál inn á stjórnarfund hjá Samkóp því að þessar girðingar eru víða í bænum.
- Foreldrafélagið ætlar að halda páskabingó 24. mars. Senda upplýsingar á nefndarmenn varðandi það. Senda einnig á árshátíðarnefnd.
- Særún og Selma ætla að sjá um að kaupa sælgæti og snakk handa nemendum á öskudaginn.

Fundi slitið kl. 21:30